

## Kennsluáætlun í stærðfræði 4. bekkur

Haust 2018

Dagsetning	Viðfangsefni	Markmið	Námsefni	Hæfniviðmið
24 sept – 5 okt	Tölur stærri en 1000 og minni en 0	Í þessum kafla er talnasvið nemenda stækkað upp í tölur sem eru stærri en 1000. Markmiðið er að nemendur þrói skilning sinn á tölum og sætiskerfinu. Þ.e. að þau átti sig á að tölur eru byggðar upp á einingum, tugum, hundruðum og þúsundum. Einnig stækkum við talnasviðið í hina áttina, þannig að negatívtölur koma nú til sögunnar.	Sproti 4a nemendabók bls 18-43. Sproti 4a æfingahefti bls 7-19. Aukaefni frá kennara ef þarf.  Kennslugögn: Kennslupeningar, Talnalínur	Þessi kennsluáætlun kemur inn á öll hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 1. – 4. bekk.  Hæfniviðmiðin eru öll aðgengileg inn á Mentor.
8 okt – 19 okt	Samlagning og frádráttur.	Nemendur auka enn frekar talnaskilning sinn og læra að leysa dæmi í samlagningu og frádrætti með þriggja og fjögurra stafa tölum. Dæmin tengjast daglegu lífi, m.a. kaupum og sölu. Nemendur reikna í huganum, á talnalínu eða skriflega með því að setja dæmin upp.	Sproti 4a nemendabók bls 44 – 67. Sproti 4a æfingahefti bls 20 – 31 Aukaefni frá kennara ef þarf.  Kennslugögn: Kennslupeningar, tómar talnalínur.	
24 okt – 2 nóv	Tími, klukka	Nemendur læra að mæla tímann í mínútum og sekúndum og þróa með sér tilfinningu fyrir þessum tímalengdum. Þau læra að tilgreina tímasetningar bæði á stafrænuformi og á hefðbundinn hátt. Jafnframt læra þau að finna tímasetningar með því að reikna í klukkustundum og mínútum. Nemendur kynnast einnig mismunandi tímabeltum.	Sproti 4a nemendabók bls 68 – 87. Sproti 4a æfingahefti bls 32 – 38 Aukaefni frá kennara ef þarf.  Kennslugögn: Kennsluklukka, skeiðklukka	

5 nóv – 16 nóv	Margföldun og deiling 1	Hér læra nemendur um margföldun og deilingu. Nemendur nota rúðunet til margföldunar og hoppa á talnalínu. Nemendur æfa deilingu bæði sem endurtekinn frádrátt og jafna skiptingu. Þau þjálfá sig enn frekar í margföldunartöflunum og lögð verður áhersla á 6-7-8-9 töfluna og upprifjun hinna taflnanna. Í kaflanum læra nemendur að nota margföldun og deilingu við raunverulegar aðstæður	Sproti 4a nemendabók bls 88 – 113. Sproti 4a æfingahefti bls 39 – 50 Aukaefni frá kennara ef þarf.	Þessi kennsluáætlun kemur inn á öll hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 1. – 4. bekk.  Hæfniviðmiðin eru öll aðgengileg inn á Mentor.
19 nóv – 23 nóv	Samhverfa og mynstur	Nemendur læra um flutning í hnitakerfi, þ.e.a.s. um speglun, snúning og hliðrun. Nemendur eiga að geta séð hvort um spegilmynd er að ræða, bent á eða teiknað spegilása. Nemendur læra að búa til og lýsa rúmfræðilegum mynstrum. Enn fremur læra þau um horn í tenglum við snúning með áherslu á 90, 180, 270 og 360 gráðu horn.	Sproti 4a nemendabók bls 114 – 128. Sproti 4a æfingahefti bls 51 – 52. Aukaefni frá kennara ef þarf.	
26 nóv – 7 des	Upprifjun	Viðfangsefni haustsins rifjuð upp	Verkefni frá kennara	
10 des – 14 des			Könnun frá kennara	

Hver lota byrjar á innlögn frá kennara þar sem farið er vel yfir efnið.

Nemendur fá svo aukaefni frá kennara sem hentar hverjum og einum.

Birtist með fyrirvara um breytingar.